

STJÓRNARTÍÐINDI A 4 – 1990

23. febrúar 1990

7

Nr. 4

AUGLÝSING um skipting starfa ráðherra.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga nr. 73/1969 um Stjórnarráð Íslands, og reglugerðar samkvæmt þeim frá 31. desember 1969, er störfum þannig skipt með ráðherrum:

Steingrímur Hermannsson fer með forsætisráðuneytið og Hagstofu Íslands.
Jón Baldvin Hannibalsson fer með utanríkisráðuneytið.
Guðmundur Bjarnason fer með heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.
Halldór Ásgrímsson fer með sjávarútvegsráðuneytið.
Jóhanna Sigurðardóttir fer með félagsmálaráðuneytið.
Jón Sigurðsson fer með iðnaðarráðuneytið og viðskiptaráðuneytið.
Júlíus Sólnes fer með umhverfisráðuneytið.
Ólafur Ragnar Grímsson fer með fjármálaráðuneytið.
Óli Þ. Guðbjartsson fer með dóms- og kirkjumálaráðuneytið.
Steingrímur J. Sigfússon fer með landbúnaðarráðuneytið og samgönguráðuneytið.
Svavar Gestsson fer með menntamálaráðuneytið.

Með úrskurði þessum falla úr gildi eldri ákvæði um skipting starfa ráðherra.

Forsætisráðuneytið, 23. febrúar 1990.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.

23. febrúar 1990

Nr. 5

AUGLÝSING um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um breyting á reglugerð nr. 96 31. desember 1969 um Stjórnarráð Íslands með síðari breytingum.

Forseti Íslands hefur hinn 23. febrúar 1990 samkvæmt tillögu forsætisráðherra staðfest svohljóðandi reglugerð um breyting á reglugerð nr. 96 31. desember 1969 um Stjórnarráð Íslands með síðari breytingum.